



**Samandreginn árshlutareikningur samstæðu**

**1. janúar til 31. mars 2016**

Síminn hf.  
Ármúla 25  
108 Reykjavík  
Kt. 460207-0880

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Yfirlit um heildarafkomu.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Eiginfjárfirlit.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8 - 12
Ársfjórðungsyfirlit.....	13

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016 er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016 voru 6.882 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 7.133 m.kr. á sama tímabili árið 2015. Hagnaður var af rekstri samstæðunnar sem nam 310 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 792 m.kr. á sama tímabili árið 2015. Eignir samstæðunnar námu 62.431 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 33.128 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 53,1%. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Á aðalfundi félagsins þann 10. mars sl. var samþykkt endurkaupaáætlun á bréfum félagsins að nafnvirði 243 m.kr. þó að hámarki 862,5 m.kr. að kaupverði. Framkvæmd áætlunarinnar hefst á 2. ársfjórðungi þessa árs.

Í byrjun mars keypti félagið allt hlutafé í Farsímagreiðslum ehf. en fyrir átti félagið 55,5% hlut. Félagið hefur hafið sölufurli á tveimur af dótturfélögum sínum, Staka automation ehf. og Talentu ehf. Félögin eru hluti af samstæðureikningi Símans hf. og hafa óveruleg áhrif.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. mars 2016 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2016

## Stjórn

Sigríður Hrólfsdóttir, formaður

Heiðrún Jónsdóttir, varaformaður

Bertrand B. Kan

Birgir S. Bjarnason

Stefán Árni Auðólfsson

## Forstjóri

Orri Hauksson

## Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. mars 2016

	Skýr.	2016 1.1.-31.3.	2015 1.1.-31.3.
Sala .....	6	6.784	7.014
Kostnaðarverð sölu .....	7	( 3.665)	( 3.932)
<b>Framlegð .....</b>		<b>3.119</b>	<b>3.082</b>
Aðrar rekstrartekjur .....		98	119
Rekstrarkostnaður .....	8	( 2.479)	( 2.122)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>738</b>	<b>1.079</b>
Fjármunatekjur .....		124	100
Fjármagnsgjöld .....		( 435)	( 415)
Gengismunur .....		15	192
Hrein fjármagnsgjöld .....	9	( 296)	( 123)
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		442	956
Tekjuskattur .....	10	( 132)	( 164)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<b>310</b>	<b>792</b>
 EBITDA .....		 1.605	 1.961
<b>Skipting hagnaðar</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		317	792
Minnihluti .....		( 7)	0
Hagnaður tímabilsins .....		310	792
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Grunnhagnaður á hlut .....		0,03	0,08
Pynntur hagnaður á hlut .....		0,03	0,08

## Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 31. mars 2016

	Skýr.	2016	2015
		1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<u>310</u>	<u>792</u>
<b>Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:</b>			
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga .....	(	2)	( 34)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins .....</b>		<u>308</u>	<u>758</u>
<b>Heildarhagnaður tímabilsins skiptist þannig</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		315	758
Minnihluti .....	(	7)	0
Heildarhagnaður tímabilsins .....		<u>308</u>	<u>758</u>

## Efnahagsreikningur 31. mars 2016

	Skýr.	31.3.2016	31.12.2015
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		15.144	15.175
Viðskiptavild .....		31.409	31.404
Óefnislegar eignir .....		3.152	3.084
Aðrar eignir .....	11	1.390	729
		<u>51.095</u>	<u>50.392</u>
		<b>Fastafjármunir</b>	
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	12	2.070	2.162
Viðskiptakröfur .....	13	4.770	4.932
Aðrar skammtímakröfur .....	14	936	570
Handbært fé .....		3.560	4.071
		<u>11.336</u>	<u>11.735</u>
		<b>Veltufjármunir</b>	
		<b>Eignir alls</b>	
		<u>62.431</u>	<u>62.127</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		9.650	9.650
Yfirverðsreikningur .....		17.556	17.556
Annað eigið fé .....		373	309
Þýðingarmunur .....		539	541
Óráðstafað eigið fé .....		5.153	4.836
		<u>33.271</u>	<u>32.892</u>
		<b>Eigið fé hluthafa móðurfélags</b>	
Hlutdeild minnihluta .....		( 143)	( 91)
		<u>33.128</u>	<u>32.801</u>
		<b>Eigið fé samtals</b>	
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán .....	15	22.361	22.788
Tekjuskattskuldbinding .....	16	250	263
		<u>22.611</u>	<u>23.051</u>
		<b>Langtímaskuldir</b>	
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		2.690	2.965
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	15	1.369	1.367
Skattar til greiðslu .....		179	38
Aðrar skammtímaskuldir .....	17	2.454	1.905
		<u>6.692</u>	<u>6.275</u>
		<b>Skammtímaskuldir</b>	
		<b>Skuldir samtals</b>	
		<u>29.303</u>	<u>29.326</u>
		<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	
		<u>62.431</u>	<u>62.127</u>

## Eiginfjáryfirlit 31. mars 2016

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Þýðingarmunur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2015 .....	9.650	35.520	246	606	( 16.016)	30.006	( 75)	29.931
Hagnaður tímabilsins .....					792	792	0	792
Þýðingarmunur .....				( 34)		( 34)		( 34)
Heildarafkoma tímabilsins .....				( 34)	792	758	0	758
Eigið fé 31.3.2015 .....	<u>9.650</u>	<u>35.520</u>	<u>246</u>	<u>572</u>	<u>( 15.224)</u>	<u>30.764</u>	<u>( 75)</u>	<u>30.689</u>
Eigið fé 1.1.2016 .....	9.650	17.556	309	541	4.836	32.892	( 91)	32.801
Hagnaður (tap) tímabilsins .....					317	317	( 7)	310
Þýðingarmunur .....				( 2)		( 2)		( 2)
Heildarafkoma tímabilsins .....				( 2)	317	315	( 7)	308
Yfirtekin minnihlutaeign .....						0	( 45)	( 45)
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga .....			64			64		64
Eigið fé 31.3.2016 .....	<u>9.650</u>	<u>17.556</u>	<u>373</u>	<u>539</u>	<u>5.153</u>	<u>33.271</u>	<u>( 143)</u>	<u>33.128</u>

## Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. mars 2016

	Skýr.	2016	2015
		1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....		738	1.079
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisrýrnun .....		867	882
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	(	2)	( 12)
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi .....		64	0
		<u>1.667</u>	<u>1.949</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....	(	334)	503
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		1.333	2.452
Innborgaðir vextir .....		110	85
Greiddir vextir .....	(	542)	( 548)
Greiddir skattar .....	(	5)	( 148)
Handbært fé frá rekstri		896	1.841
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(	769)	( 1.154)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	(	137)	( 185)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		4	35
Skuldabréfaeign, breyting .....		11	( 41)
Kaup á eignarhlutum í dótturfélögum .....	(	50)	0
Fjárfestingarhreyfingar	(	941)	( 1.345)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður til minnihluta .....	(	1)	0
Afborganir langtímalána .....	(	456)	( 454)
Fjármögnunarhreyfingar	(	457)	( 454)
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>	(	502)	42
<b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....</b>	(	9)	198
<b>Handbært fé í byrjun tímabilsins .....</b>		4.071	4.007
<b>Handbært fé í lok tímabilsins .....</b>		<u>3.560</u>	<u>4.247</u>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til mars 2016 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem "félagsins" og til einstakra félaga sem "dótturfélaga".

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.siminn.is](http://www.siminn.is) og á vef Kauphallar Íslands: [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundum þann 28. apríl 2016.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2015.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram. Hann er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

## 4. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunverulegt verð getur orðið annað en slíkt mat.

## 5. Starfspáttayfirlit

Yfirlit um starfspætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Félagið skiptist í sjö starfspætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfspættirnir eru :

<b>Starfspáttur:</b>	<b>Lýsing:</b>
Farsímaþjónusta: .....	Tekjur félagsins af farsímaþjónustu innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta, farsímaþjónusta í heildsölu eða önnur farsímaþjónusta.
Talsímaþjónusta: .....	Tekjur af talsímaþjónustu í heildsölu og smásölu.
Gagnaflutningur: .....	Tekjur af gagnaflutningsþjónustu í heildsölu og smásölu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimtaugar og aðgangsnét.
Sjónvarpsþjónusta: .....	Samanstendur af tekjum vegna dreifingar á sjónvarpsefni, áskriftar, notkunar og auglýsinga á miðlum félagsins.
Upplýsingatækni: .....	Tekjur af upplýsingatækniþjónustu, þ.m.t. afnotagjöld, útseld vinna og þjónusta og vörusala.
Vörusala búnaðar: .....	Samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað: .....	Tekjur m.a. af útseldri vinnu vegna fjarskipta (þ.m.t. vettvangsþjónusta) og aðstöðuleigu.

## Skýringar

### 5. Starfsþáttayfirlit, frh.:

#### Starfsþættir 1.1.-31.3. 2016

	Farsími	Talsími	Gagna- flutningar	Sjónvarps- þjónusta	Upplýsinga- tækni	Vörusala	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	1.650	596	2.192	888	958	395	203	6.882
Óskipt rekstrargjöld .....								( 5.277)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....								1.605
Afskriftir .....								( 867)
Hrein fjármagnsgjöld .....								( 296)
Áhrif hlutdeildarféлага .....								0
Skattar .....								( 132)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>								<b>310</b>
<b>Fjárfestingar .....</b>								<b>( 902)</b>
<b>Óskiptar eignir 31.3.2016 .....</b>								<b>62.431</b>
<b>Óskiptar skuldir 31.3.2016 .....</b>								<b>29.303</b>

#### Starfsþættir 1.1.-31.3. 2015

	Farsími	Talsími	Gagna- flutningar	Sjónvarps- þjónusta	Upplýsinga- tækni	Vörusala	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	1.826	668	2.090	1.017	810	483	239	7.133
Óskipt rekstrargjöld .....								( 5.172)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....								1.961
Afskriftir .....								( 882)
Hrein fjármagnsgjöld .....								( 123)
Áhrif hlutdeildarféлага .....								0
Skattar .....								( 164)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>								<b>792</b>
<b>Fjárfestingar .....</b>								<b>( 1.304)</b>
<b>Óskiptar eignir 31.3.2015 .....</b>								<b>60.159</b>
<b>Óskiptar skuldir 31.3.2015 .....</b>								<b>29.470</b>

### 6. Sala

	2016 1.1.-31.3.	2015 1.1.-31.3.
Seld þjónusta og vörur greinast þannig:		
Sala á þjónustu .....	5.983	6.099
Vörusala .....	801	915
	<b>6.784</b>	<b>7.014</b>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

## Skýringar

### 7. Kostnaðarverð sölu

	2016	2015
	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Laun og launatengd gjöld .....	1.064	1.018
Kostnaðarverð seldrar þjónustu .....	1.076	1.205
Samtengigjöld .....	215	284
Kostnaðarverð seldra vara .....	758	811
Eignfærð vinna .....	( 151)	( 133)
Afskriftir .....	703	747
	<u>3.665</u>	<u>3.932</u>

### 8. Rekstrarkostnaður

Laun og launatengd gjöld .....	1.319	1.029
Markaðs- og sölukostnaður .....	165	192
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður .....	366	348
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður .....	97	119
Afskrifaðar tapaðar kröfur .....	14	25
Annar rekstrarkostnaður .....	354	274
Afskriftir .....	164	135
	<u>2.479</u>	<u>2.122</u>

### 9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

#### Fjármunatekjur

Vaxtatekjur .....	122	99
Arður .....	2	1
	<u>124</u>	<u>100</u>

#### Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld .....	( 400)	( 385)
Verðbætur .....	( 30)	( 19)
Önnur fjármagnsgjöld .....	( 5)	( 11)
	<u>( 435)</u>	<u>( 415)</u>

Gengismunur .....	15	192
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 296)</u>	<u>( 123)</u>

### 10. Tekjuskattur

#### Greining á virku skatthlutfalli:

	1.1.-31.3.2016	1.1.-31.3.2015
Hagnaður fyrir skatta .....	442	956
Skatthlutfall .....	20,0% ( 88)	20,0% ( 191)
Ófrádráttarþær kostnaður .....	2,9% ( 13)	0,0% 0
Jöfnunargjald .....	0,9% ( 4)	0,5% ( 5)
Aðrar breytingar .....	6,1% ( 27)	-3,3% 32
Skattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>29,9% ( 132)</u>	<u>17,2% ( 164)</u>

## Skýringar

11. Aðrar eignir	31.3.2016	31.12.2015
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum .....	86	86
Fjárfesting í öðrum félögum .....	12	12
Sjónvarpsefni til sýningar .....	416	314
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	583	0
Langtímakröfur .....	293	317
Aðrar fjármunaeygnir samtals .....	<u>1.390</u>	<u>729</u>

### 12. Birgðir

Rekstrarvörubirgðir .....	1.194	1.192
Verk í vinnslu .....	124	76
Sjónvarpsefni til sýningar .....	752	894
Birgðir samtals .....	<u>2.070</u>	<u>2.162</u>

### 13. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur .....	5.227	5.381
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 457)	( 449)
Viðskiptakröfur samtals .....	<u>4.770</u>	<u>4.932</u>

### 14. Aðrar skammtímakröfur

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	681	351
Aðrar skammtímakröfur .....	255	219
Samtals aðrar skammtímakröfur .....	<u>936</u>	<u>570</u>

### 15. Langtímaskuldir

Lán félagsins greinast niður á gjaldmiðla á eftirfarandi hátt:

Skuldir í ISK, óverðtryggðar.....	16.467	16.783
Skuldir í ISK, verðtryggðar.....	7.263	7.372
Næsta árs afborganir.....	( 1.369)	( 1.367)
	<u>22.361</u>	<u>22.788</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig:

Innan 12 mánaða.....	1.369	1.367
Frá 12 - 24 mánuðum.....	1.369	1.367
Frá 24 - 36 mánuðum.....	1.369	1.367
Frá 36 - 48 mánuðum.....	14.036	14.351
Frá 48 - 60 mánuðum.....	419	417
Afborganir síðar.....	5.168	5.286
Heildarlán að meðtöldum næsta árs afborgunum.....	<u>23.730</u>	<u>24.155</u>

## Skýringar

### 16. Tekjuskattsskuldbinding / (reiknuð skattaeign)

31.3.2016 31.12.2015

Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu / (skattaeign) greinast á eftirfarandi hátt:

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding (eign) í ársbyrjun.....	263	( 141)
Gengismunur.....	0	2
Vegna kaupa á félagi.....	0	6
Skattur samkvæmt rekstrarreikningi.....	132	434
Skattar til greiðslu á næsta ári.....	( 145)	( 38)
Tekjuskattsskuldbinding.....	<u>250</u>	<u>263</u>

### 17. Aðrar skammtímaskuldir

Áfallinn kostnaður .....	1.086	1.107
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	700	215
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	668	573
Aðrar skammtímaskuldir .....	0	10
Samtals aðrar skammtímaskuldir .....	<u>2.454</u>	<u>1.905</u>

### 18. Óvissa

Félagið stendur í málarekstri vegna ýmissa mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta, fjölmiðla- og samkeppnislögum. Fjarskipti hf. (Vodafone) hafa stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meints ólögmeats verðþrýstings. Nemur stefnufjárhæð í málinu ríflega níu hundruð milljónum króna. Inter sem eru samtök aðila er veita internetþjónustu hafa sent kröfu og krafist skaðabóta að fjárhæð allt að þremur milljörðum króna vegna meintra brota á samkeppnislögum. Félög innan samtakanna hafa í kjölfarið óskað eftir dómkvaðningu matsmanna. TSC ehf. hefur stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meintra brota á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2015. Nemur stefnufjárhæðin rúmlega hundruð milljónum króna. Félagið hefur hafnað máltilbúnaði gagnaðila í öllum málunum og gagnstefnt Fjarskiptum hf.

Síminn og Vodafone hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Samkeppniseftirlitið og Póst- og fjarskiptastofnun hafa til meðferðar kvartanir Vodafone gegn Símanum vegna meintra brota samkeppnis- og/eða fjölmiðlalögum. Félagið telur að háttsemi þess sé í fullu samræmi við ákvæði samkeppnis- og fjölmiðlalaga. Síðastliðinn desember samþykkti Sýslumaður á höfuðborgasvæðinu kröfu Símans um að lagt yrði lögbann á Vodafone vegna dreifingar á myndefni með ólínulegum hætti. Síminn höfðaði í kjölfarið staðfestingarmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Í þeim tilvikum sem talið er að félagið geti þurft að greiða bætur vegna málareksturs á hendur því er sá kostnaður áætlaður af stjórnendum félagsins og færðar í reikningsskil þess.

### 19. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringar eða breytingar á árshlutareikningi.

## Ársfjórðungsfirlit

	1 F 2015	2 F 2015	3 F 2015	4 F 2015	1 F 2016
Sala .....	7.014	7.373	7.517	7.964	6.784
Kostnaðarverð sölu .....	( 3.932)	( 3.876)	( 3.843)	( 4.781)	( 3.665)
<b>Framlegð .....</b>	<b>3.082</b>	<b>3.497</b>	<b>3.674</b>	<b>3.183</b>	<b>3.119</b>
Aðrar rekstrartekjur .....	119	109	39	272	98
Rekstrarkostnaður .....	( 2.122)	( 2.380)	( 2.188)	( 2.642)	( 2.479)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>1.079</b>	<b>1.226</b>	<b>1.525</b>	<b>813</b>	<b>738</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 123)	( 474)	( 425)	( 265)	( 296)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	0	( 33)	0	( 15)	0
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>956</b>	<b>719</b>	<b>1.100</b>	<b>533</b>	<b>442</b>
Tekjuskattur .....	( 164)	( 187)	( 228)	146	( 132)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>792</b>	<b>532</b>	<b>872</b>	<b>679</b>	<b>310</b>
Afskriftir .....	882	836	840	841	867
EBITDA .....	1.961	2.062	2.365	1.654	1.605